



FRAMTÍÐARSÝN REYKJANESBÆJAR

STEFNA OG FRAMKVÆMD

2006 – 2010

| | |
|---|----|
| TÍMI TIL AÐ LIFA OG NJÓTA..... | 5 |
| TÍMI TIL AÐ NJÓTA EFRI ÁRA, LENGUR OG BETUR | 6 |
| NÝ SÝN Í SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU VIÐ ELÐRI BORGARA | 6 |
| LÆKKUN FASTEIGNAGJALDA | 7 |
| TÍMI UNGA FÓLKSINS TIL AÐ LIFA, LÆRA OG NJÓTA..... | 8 |
| STRÆTÓ TIL ALLRA ÁTTA | 8 |
| HLJÓMSVEITAAÐSTAÐA..... | 9 |
| SJÓSPORT | 9 |
| BARÁTTA GEGN FÍKNIEFNANOTKUN | 9 |
| 88 HÚSIÐ..... | 10 |
| VINNUSKÓLINN..... | 10 |
| ÍPRÓTTAAKADEMÍAN..... | 10 |
| NÝR FRAMHALDSSKÓLI | 11 |
| MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR..... | 11 |
| TÍMI TIL AÐ NJÓTA TÓNLISTAR OG MENNINGAR..... | 12 |
| "HLJÓMAHÖLLIN" : TÓNLISTARSKÓLI OG RÁÐSTEFNUMIÐSTÖÐ | 12 |
| DUUSHÚSIN | 14 |
| LISTATORG VIÐ FISCHERSHÚS | 14 |
| MENNINGARSAMNINGAR SKILA ÁRANGRI..... | 15 |
| TÍMI FYRIR LJÓSANÓTT | 15 |
| LÆRUM AF ÖÐRUM ÞJÓÐUM | 15 |
| TÍMI FYRIR ÍPRÓTTIR OG HOLLA LÍFSHÆTTI | 17 |
| NÝTT ÍPRÓTTA- OG ÚTIVISTARSVÆÐI..... | 17 |
| FIMLEIKAHÚS | 18 |
| ÍPRÓTTAHÚS OG SUNDLAUG VIÐ AKURSKÓLA | 18 |
| ÁFRAM ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDASAMNINGAR | 19 |
| FÉLAGSAÐSTAÐA KEFLAVÍKUR..... | 19 |
| VATNAVERÖLD Í REYKJANESBÆ..... | 19 |
| REIÐHÖLL VIÐ MÁNAGRUND..... | 20 |
| AKURSKÓLI FULLBYGGÐUR | 20 |
| FRÍSTUNDASKÓLINN EFLDUR..... | 20 |
| VIRKJUM VÍSINDI HJÁ UNGA FÓLKINU | 21 |
| SKÓLAMÁLTÍÐIN ÁFRAM ÓDÝR OG KJARNGÓÐ..... | 21 |
| AUKIN SKEMMTUN FYRIR BÖRNIN..... | 22 |
| ÁFRAM FRÍTT Í SUND..... | 23 |
| TÍMI TIL AÐ LIFA OG NJÓTA UMHVERFISINS | 24 |

| | |
|--|----|
| SORPEYÐING..... | 25 |
| ENDURGERÐ SKRÚÐGARÐANNA | 25 |
| SJÓVARNIR..... | 25 |
| BÆTT ÁSÝND HAFNARGÖTU OG LÍFÆÐAR | 26 |
| ENDURGERÐ HRINGBRAUTAR..... | 26 |
| GERÐ GÖNGULEIÐA..... | 26 |
| HREINSUN STRANDENGJUNNAR..... | 27 |
| YLSTRÖND Í NJARÐVÍK..... | 27 |
| VARÐVEITUM UMHVERFISPERLUR | 27 |
| UMHVERFISMERKIÐ BLÁFÁNINN | 28 |
| BETRI MERKINGAR VIÐ UMFERÐARÆÐAR | 28 |
| TÍMI TIL AÐ FERÐAST OG FRÆÐAST | 29 |
| VÍKINGAHEIMUR | 29 |
| ORKUVERIÐ JÖRÐ..... | 29 |
| MAÐUR OG HAF Á REYKJANESI..... | 30 |
| NÝJAR SÝNINGAR BYGGÐASAFNSINS..... | 30 |
| TÍMI TIL FYRIR SLYSALAUSA SÝN..... | 31 |
| ÖKUGERÐI | 32 |
| BÆTT AÐGENGI FATLAÐRA..... | 32 |
| TÍMI TIL AÐ NJÓTA AÐGENGILEGRAR STJÓRNSÝSLU | 33 |
| SKJÓT OG VÖNDUÐ UPPLÝSINGAGJÖF – HENTUGT SAMRÁÐSFERLI..... | 33 |
| TÍMI TIL AÐ STYRKJA FJÁRHAG ÁN SKATTAHÆKKANA | 34 |
| SKIPULAG – TIL AÐ LIFA OG NJÓTA..... | 35 |
| TÍMI FYRIR ATVINNU- OG ÍBÚAÐRÓUN Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI | 36 |
| TÍMI TIL AÐ VELJA UM VELLAUNUÐ STÖRF | 38 |
| SKÖPUN VELLAUNAÐRA STARFA..... | 38 |
| ÁHERSLA Á SAMEIGINLEGA SÝN FYRIR VESTANVERT REYKJANES: | 39 |
| TÍMI TIL AÐ TAKA TIL!..... | 40 |
| TÍMI FYRIR VELFERÐ ALLA LEIÐ..... | 42 |
| SAMSTARF VIÐ HEILBRIGÐISSTOFNUN..... | 43 |
| SÓLARHRINGSVAKTIR | 43 |
| ÓKEYPIS UPPELDISNÁMSKEIÐ - SOS | 44 |
| STYRKING Á ÞJÓNUSTU BARNAVERNDAR | 45 |
| UMÖNNUNARGREIÐSLUR REYKJANESBÆJAR | 45 |
| LÆKKUN LEIKSKÓLAGJALDA OG FJÖLSKYLDUAFSLÁTTUR | 46 |
| NÝIR LEIKSKÓLAR | 46 |
| UPPELDI TIL ÁRANGURS..... | 47 |

Framtíðarsýn 2006 - 2010

| | |
|---|----|
| SKILVIRKIR GRUNNSKÓLAR | 47 |
| MANNGILDISSJÓÐUR - STYRKARI STOÐIR VIÐ MANNGILDISVERKEFNI | 48 |
| HÆKKUN Á ÞJÁLFARASTYRK UPP Í 18 ÁRA..... | 48 |
| 7 ÞÚSUND KR. NIÐURGREIÐSLA Á EINSTAKLING TIL MENNINGAR-, ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDAIÐKUNAR..... | 49 |
| KORTLAGNING AÐFERÐA OG MAT Á ÁRANGRI..... | 50 |
| MÓTUN HEILDSTÆÐRAR STEFNU TIL AÐ EFLA HEILBRIGÐI OG HAMINGJU EINSTAKLINGANNA..... | 50 |

TÍMI TIL AÐ LIFA OG NJÓTA



TÍMI TIL AÐ LIFA OG NJÓTA

Framtíðarsýn Reykjaneshæjar fyrir 2006 - 2010 var unnin í samvinnu við íbúa á vel sóttum undirbúningsfundum.

Við trúum því að það sé sameiginlegt hlutverk okkar sem hér búum að stuðla að hamingju og heilbrigði einstaklinganna og að þeir nái að þroska hæfileika sína svo sem best verður á kosið. Við setjum markið á að fjölbreytni og gæði þjónustu sé á við það besta sem býðst í nútímasamfélagi og að verkefni okkar, sem miða að þessu, séu unnin á hagkvæman hátt.

Á grunni framtíðarsýnar er lögð áhersla á að endurmeta verkefni á sérhverju ári, með aðstoð stjórnenda Reykjaneshæjar og á samráðs- og upplýsingafundum með íbúum. Við höfum lagt áherslu á að hitta bæjarbúa á íbúafundum, á ráðstefnum um fjölskylduna, skólann, íþróttir, skipulagsmál, verkfrákvæmdir og menningu.

Það er ánægjulegt að finna að nafn Reykjaneshæjar heyrir æ oftar nefnt þegar nýjungar í fjölskyldu- og skólamálaum ber á góma. Umhverfisbætur og fjölbreytt menningarlíf njóta jákvæðrar athygli.

Kannanir sýna að bæjarbúum hefur líkað þessi framtíðarsýn og sá kraftur sem hefur fylgt uppbyggingunni í Reykjaneshæ. Aðferðarfræðin er skýr: Í þessu yfirliti er unnt að greina meginverkefni, framkvæmdalok þeirra, hvaða rekstrarsvið ber ábyrgð á hverju verkefni, hver er verkefnisstjóri, hvernig fjármögnun skal háttáð og hvaða árangursmælingar verða lagðar til grundvallar.

Áfram verður haldið með öflugri uppbyggingu með það að markmiði að skapa íbúum betri aðstæður og tíma til að lifa vel og njóta þess að búa í Reykjaneshæ.

Með góðum óskum

*Árni Sigfússon
Bæjarstjóri*

TÍMI TIL AÐ NJÓTA EFRI ÁRA, LENGUR OG BETUR



TÍMI TIL AÐ NJÓTA EFRI ÁRA, LENGUR OG BETUR

- Ný sýn í samfélagsþjónustu við eldri borgara
- Lækkun fasteignagjalda

NÝ SÝN Í SAMFÉLAGSPJÓNUSTU VIÐ ELDRI BORGARA

Betri heilsa með hollu mataræði og rétttri hreyfingu, betri hjúkrunarþjónusta þegar á þarf að halda, virkara félagsstarf, skemmtileg verkefni og útvera – allt þetta mun bjóðast í nýrri þjónustumiðju fyrir eldri borgara, Nesvöllum.

- Þar verður miðstöð félagslífs eldri borgara um leið og áhersla er lögð á að íbúar á öllum aldri geti notið heilbrigðs lífsstíls og öflugs félagsstarfs í þessari nýju þjónustumiðju.
- Markmið þjónustumiðjunnar er að gera öllum öldruðum íbúum kleift að hittast, sækja fjölbreytt félags- lista- og menningarstarf, njóta aukins öryggis og hjúkrunar þegar á þarf að halda.
- Þótt áhersla sé lögð á þjónustu við eldri borgara viljum við skapa samfélagsmiðstöð þar sem íbúar, óháð aldri, eiga ánægjulega samveru.
- Einnig er áhersla lögð á að bjóða fjölbreytta möguleika til búsetu allt frá hefðbundnum íbúðum í raðhúsum með auðveldu aðgengi að þjónustu, öryggisíbúða með beinni tengingu við hjúkrunarþjónustu og félagsmiðstöð, til hjúkrunaríbúða og sérhæfðrar þjónustu fyrir heilabilaða.
- Kannaðir verða möguleikar á að nokkrar öryggisíbúðirnar á Nesvöllum verði innan félagslegs húsnæðiskerfis bæjarins og þannig tryggt að sú aðstaða nýtist óháð efnahag íbúa.

Framkvæmd:

Félags- og þjónustumiðstöð: Tekin í notkun vorið 2008.

Öryggisíbúðir: 30 hjóna- og einstaklingsíbúðir verða teknar í notkun haustið 2007 og vorið 2008.

Hjúkrunaríbúðir – 2008 - 2010 (ríkisverkefni).

Ábyrgð: FFR.

Verkefnisstjóri: HÁ.

Fjármögnun: RNB, ríki og einkaaðilar.

Árangursmælingar: Stytting biðlista á stofnanir, nýting þjónustunnar, mat á líðan íbúa, mat aðstandenda, mat fagaðila. Fjárhagsleg hagkvæmni í samrekstri á einum stað. Fjárhagsáætlun verkefnis.

LÆKKUN FASTEIGNAGJALDA

Afsláttur af fasteignagjöldum eldri borgara verður áfram aukinn og nú um 30%. Þannig verði afslátturinn:

- 20.000 kr. á hvern íbúðareiganda 67 ára og eldri.
- 40.000 kr. fyrir íbúa 71 árs og eldri.

Framkvæmd: 1. janúar 2007.

Ábyrgð: FJÁR.

Verkefnisstjóri: ÁHH.

Fjármögnunarleiðir: Rnb.

Árangursmælingar: Samanburður við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Fjárhagsáætlun verkefnis.

TÍMI UNGA FÓLKSINS TIL AÐ LIFA, LÆRA OG NJÓTA



TÍMI UNGA FÓLKSINS TIL AÐ LIFA, LÆRA OG NJÓTA

- Strætó til allra átta
- Hljómsveitaaðstaða
- Sjósport
- Barátta gegn fíkniefnanotkun
- 88 Húsið
- Vinnuskólinn
- Íþróttakademían
- Nýr framhaldsskóli
- Miðstöð símenntunar

STRÆTÓ TIL ALLRA ÁTTA

1. Áfram verður ókeyppis í strætó innan bæjarmarka en allar fjölskyldur munar um hundruð króna sem það annars myndi kosta að ferðast daglega með strætó eins og á höfuðborgarsvæðinu.
2. Stefnt skal að þjónustu innanbæjar um helgar.
3. Leitað verður leiða til að koma á strætisvagnaferðum milli Reykjanesbæjar og höfuðborgarsvæðisins á virkum dögum.

Framkvæmd: Vinna er hafin – stefnt er að niðurstöðu vorið 2007.

Ábyrgð: USK.

Verkefnisstjóri: SJJ.

Fjármögnunarleiðir: 1 og 2: Rnb, 3. Fargjöld - Samstarf sveitarfélaga á Suðurnesjum um Reykjanes Express (REX) – ath. tengingu við Flugstöð og sérleyfisflutninga.

Árangursmælingar: Nýting vagna, fjárhagsáætlun verkefnis.

HLJÓMSVEITAADSTAÐA

Steypan er ný æfingaaðstaða fyrir upprennandi hljómsveitir í Reykjanesbæ. Áfram verður unnið í því að finna varanlegt æfingahúsnæði fyrir tónlistarmenn. Verkefnið verði unnið í tengslum við mögulegar alþjóðlegar æfingabúðir á Keflavíkurflugvelli.

Framkvæmd: Stefnt er að því að slík aðstaða verði tekin í notkun vorið 2009.

Fjármögnunarleiðir: Rnb og þátttökugjöld.

Ábyrgð: MÍT.

Verkefnisstjóri: HBB.

Árangursmælingar: fjöldi notenda, fjárhagsáætlun verkefnis.

SJÓSPORT

Siglingar, sæpotusport og sportveiði eru vinsæl afþreying unga fólksins. Aðstaða fyrir þetta verður bætt á næstu árum.

- Sérstaklega verði athugað með staðsetningu undir sjóvarnargörðunum við Fitjar í Njarðvík.

Framkvæmd: Haustið 2009.

Ábyrgð: ATH.

Verkefnisstjóri: PJ.

Fjármögnunarleiðir: Rnb, Rnh, HS, einkaaðilar.

Árangursmælingar: fjöldi iðkenda, gæðamælingar, fjárhagsáætlun verkefnis.

BARÁTTA GEGN FÍKNIEFNANOTKUN



Reykjanesbær styður við ungt fólk með því að færa því aukinn styrk með þekkingu og sjálfstæði til að hafna fíkniefnum.

Áhersla verður lögð á aukna fræðslu til foreldra og samstarf aukið við lögreglu um hertar aðgerðir gegn þeim sem selja fíkniefni. Verkefnið verði liður í heildstæðri forvarnarstefnu í fjölskyldumálum.

Framkvæmd: Beinar tillögur liggi fyrir haustið 2007.

Ábyrgð: FFR

Verkefnisstjóri: HE

Fjármögnunarleiðir: Rnb, lögreglan, Lýðheilsustöð, einkaaðilar.

Árangursmælingar: fíkniefnanotkun unglunga, fjöldi þungra mála, fjárhagsáætlun verkefnis.

88 HÚSIÐ

Menningarmiðstöð unga fólksins er mikilvæg aðstaða fyrir marga unglunga sem velja hið öfluga félagsstarf sem þar býðst.

- Með breytingum á húsnæði Stapans í tónlistar- og ráðstefnumiðstöð þarf að flytja Fjörheima. Taka þarf afstöðu til nýtingar félagsmiðstöðvarinnar, m.t.t.. aukins félagsstarfs innan grunnskóla og ákvörðun um húsnæðisþörf í framhaldi af því.

Framkvæmd: Tillögur liggja fyrir vor 2007.

Fjármögnunarleiðir: Rnb.

Ábyrgð: MÍT.

Verkefnisstjóri: SB.

VINNUSKÓLINN

Vinnuskólinn verður efldur enn frekar með áherslu á að fræða unglunga og kenna þeim undirstöðuatriði í góðum vinnuháttum, skapa starfs- og áhugamiðað nám í samstarfi við grunnskólana og FFR. Til þess verður einnig leitað samstarfs við fyrirtæki í bænum sem þekkja best hvers virði góður vinnuandi er.

Framkvæmd: Sumar 2007.

Ábyrgð: MÍT.

Verkefnisstjóri: RÖP.

Fjármögnunarleiðir:

Árangursmælingar: Góðir vinnuhættir og líðan barnsins. Aukið samstarf við fyrirtæki. Fjárhagsáætlun verkefnis.

ÍPRÓTTAAKADEMÍAN

Íþróttakademían býður aukinn valkost til menntunar í Reykjanesbæ.

Tenging akademíunnar við Fjölbrautaskóla Suðurnesja gefur fyrirheit um vöxt og framgang Akademíunnar á næstu árum.

- Samstarf við Háskólann í Reykjavík verður aukið á sviði háskólamenntunar, m.a. á sviði heilsuþjónustu, iðngreina og íþróttافرæða. Meistaránám í íþróttافرæðum verði hafið.

Framkvæmd: Fyrstu viðbótarverkefni verði hafin haustið 2007.

Ábyrgð: FRÆ.

Verkefnisstjóri: EH .

Fjármögnunarleiðir: ÍAK, Rnb og ríki.

Árangursmælingar: Fjöldi háskólanema og fjárhagsáætlun verkefnis.

NÝR FRAMHALDSSKÓLI

Huga þarf að framtíð framhaldsnáms á Suðurnesjum.

- Unnið verður að undirbúningi nýs framhaldsskóla í Reykjanesbæ sem áhugavert væri að tengja vísindum, íþróttum og listum. Tekin verður ákvörðun um staðsetningu í samvinnu við menntamálaráðuneytið.

Framkvæmd: Hugmynd liggja fyrir vor 2008.

Ábyrgð: FRÆ.

Fjármögnunarleiðir: Ríki – einkaaðilar.

Verkefnisstjóri: EH.

Árangursmælingar:

MIDSTÖÐ SÍMENNTUNAR

Aðstaða til fjarnáms batnaði til muna með tilkomu húsnæðis Íþróttakademiunnar.

- Möguleikar til frekara fjarnáms á sviði háskólamenntunar verða áfram skoðaðir.

Framkvæmd: Hugmyndir lagðar fram vor 2007.

Ábyrgð: FRÆ.

Verkefnisstjóri: GS.

Fjármögnunarleiðir: SSS, MSS og háskólar.

TÍMI TIL AÐ NJÓTA TÓNLISTAR OG MENNINGAR



TÍMI TIL AÐ NJÓTA TÓNLISTAR OG MENNINGAR

- "Hljómahöllin" : Tónlistarskóli og ráðstefnumiðstöð
- Duushúsin
- Listatorg við Fischershús
- Menningarsamningar skila árangri
- Tími fyrir Ljósanótt
- Lærum af öðrum þjóðum

"HLJÓMAHÖLLIN" : TÓNLISTARSKÓLI OG RÁÐSTEFNUMIÐSTÖÐ

Þróun hugbúnaðar, hugmynda og hugverka er mikilvæg auðlind til verðmæta og atvinnusköpunar á Íslandi. Menntun, menning og afþreying eru birtingarform sem skapa atvinnu og fullnægju í hvert samfélag.

Bæjarfélag sem hýsir vöggju íslenskrar popp- og rokkmenningar, þar sem tónlistarkennsla er í hávegum höfð, þar sem er hlið ferðamanna inn í landið, kallar á virkjun sköpunargleðinnar.

Tónlist hefur í marga áratugi verið flaggskip menningarlífs Reykjanesbæjar. Tónlistarskóli Reykjanesbæjar hefur verið í forystu þegar kemur að kennsluháttum og þjónustu við grunn og framhaldsskólanemendur auk annarra íbúa bæjarfélagsins sem vilja stunda tónlistarnám.

- Tónlistarskóli Reykjanesbæjar mun flytja í nýtt og glæsilegt húsnæði.
- Með okkar öfluga starfsfólki og stuðningi færustu Íslendinga á sínu sviði viljum við skapa hér aðstöðu til háskólamenntunar á sviði tónlistar.
- Með hugmynd um **Hljómahöll** sem miðju tónlistarkennslu, tónlistarkynninga og varðveislu popp- og rokktonlistarsögu Íslendinga er lagður grunnur að auknum atvinnutækifærum Íslendinga í sköpunar- og afþreyingariðnaði.

- Áhersla verður lögð á að gera aðstöðu Hljómahallarinnar að aðráttarafli fyrir innlenda og erlenda áhugamenn um tónlist.
- Með tengingu Tónlistarskóla og sýningaraðstöðu við félagsheimilið Stapa, skapast frábær aðstaða fyrir hentuga og glæsilega tónlistar- og ráðstefnumiðstöð.
- Í Hljómahöllinni mun Poppminjasafn Íslands hafa höfuðstöðvar en kjarninn byggir á tónlistarmenntun sem stjórnað er frá nýjum höfuðstöðvum Tónlistarskólans sem þar verða.
- Tenging við Stapann og Tónlistarskólann, skapar hagkvæma möguleika á að opna húsið fyrir meðalstórar ráðstefnur þegar á þarf að halda, eða nýta það allt til tónleika eða sýningarhalds.
- Á öðrum tímum nýtist það með afmarkaðri hætti fyrir tónlistarskólann.
- Hægt verður að reka félagsheimilið Stapa áfram í núverandi mynd þar sem bæjarbúar geta komið saman á góðri stund.



Orðið **Hljómahöllin** vísar til litrófs og mikilvægis hljóma í menningu heimsins, um leið og Hljómar frá Keflavík eru Bítlar Íslandssögunnar á tónlistarsviðinu. og fá verðskuldaða athygli í húsnæðinu.

Með Hljómahöllinni verður sköpuð yfirstjórn sem hafi að markmiði að:

- Efla tónlistarmenntun og stuðla að nýtingu íslenskrar tónlistar og tengingar við aðra

próun hugbúnaðar, hugmynda og hugverka, sem verðmæta- og atvinnusköpun til framtíðar.

- Að tengja saman starf Tónlistarskólans, veitingareksturs og sýningarhald tengt popp- og rokksögu í Hljómahöllinni.
- Að halda í heiðri sögu popp- og rokktónlistar á Íslandi með kynningarstarfi og viðurkenningum til listamanna.
- Að stjórna alþjóðlegum æfingabúðum fyrir hljómsveitir á Keflavíkurflugvelli – með gróðurækt og umhirðu svæðis að endurgjaldi.

Framkvæmd: Haustið 2009 verður Hljómahöllin vígð. Vorið 2009 verður sköpuð aðstaða til æfingabúða tónlistarmanna.

Ábyrgð: FRÆ.

Verkefnisstjóri: HÁH. Samstarfsaðili VG vegna MÍT.

Fjármögnun: Reykjanesbær/einkaaðilar/ríki.

Árangursmælingar: Fjöldi heimsóknna í Hljómahöllina, fjöldi nemenda í tónlistarskólann, fjöldi nýrra hugverka, auknar gjaldeyristekjur, magn og gæði umfjöllunar um Ísland á erlendri grund. Fjöldi starfa í vitundariðnaði og fjárhagsáætlun verkefnis.

DUUSHÚSIN

Aðstaða í Duushúsum til sýningarhalds og listviðburða hefur aukið framboð menningarafþreyingar í Reykjanesbæ á síðustu árum. Á hverju ári hafa bæst við nýir sýningarsalir með spennandi möguleikum. Nú síðast hefur Bíósalurinn verið endurnýjaður.

- Stefnt er að því að gestafjöldi í Duushús verði orðinn 45 þúsund í árslok 2010.
- Hafnar verða framkvæmdir á Bryggjuhúsinu
- Nýtt anddyri og salernisaðstaða verði byggð.

Framkvæmd: Anddyri sumar 2007, Bryggjuhús áfangaskipt, hefst 2007 og fullgert haustið 2010.

Fjármögnunarleiðir: ríki, Rnb og einkaaðilar.

Ábyrgð: MÍT.

Verkefnisstjóri: VG.

Árangursmælingar: Gestafjöldi, umsagnir, staða framkvæmda, fjárhagsáætlun verkefnis.

LISTATORG VIÐ FISCHERSHÚS

Fram hafa komið áhugaverðar hugmyndir einkaaðila um endurgerð Fischershússins og byggingu listatorgs við Hafnargötu 2 þar sem byggðar yrðu vinnustofur listamanna, sýningarsalir, kaffihús, listasmiðja og íbúðir.

- Stefnt er að því að Félag myndlistarmanna í Reykjanesbæ fái þar góða framtíðaraðstöðu.
- Vinna þarf deiliskipulag áður en unnt er að taka endanlega ákvörðun. Semja þarf um verð og skilmála vegna Fischershúss.

Framkvæmd: Deiliskipulag auglýst sumar 2007. Framhald ræðst af niðurstöðu kynningar og samningum.

Ábyrgð: MÍT.

Verkefnisstjóri: VG.

Fjármögnunarleiðir: einkaaðilar, Rnb og ríki.

Árangursmælingar: staða framkvæmda, ná viðunandi samningum við einkaaðila. Fjárhagsáætlun verkefnis.

MENNINGARSAMNINGAR SKILA ÁRANGRI

Reykjanesbær hefur gert á annan tug samninga við menningarfélög um rekstur og sýningarhald.

- Áfram verður stuðlað að lifandi menningarlífi í bænum með gerð rekstrarsamninga við öflug félög og samtök á menningarsviðinu.



Framkvæmd: Vor og haust ár hvert.

Fjármögnunarleiðir: Rnb og einkaaðilar.

Ábyrgð: MÍT.

Verkefnisstjóri: VG.

Árangursmælingar: Fjöldi samninga, virkni menningarfélaga mæld með sýningum og þátttöku listamanna og gesta. Fjárhagsáætlun verkefnis.

TÍMI FYRIR LJÓSANÓTT

Fjölskylduhátíðin Ljósanótt verður áfram hápunktur menningarlífs í Reykjanesbæ, þar sem íbúar, fyrirtæki og félagasamtök leggjast öll á eitt við að skemmta íbúum og gestum.

Framkvæmd: Ljósanótt fer fram 1. helgi í september ár hvert.

Ábyrgð: MÍT.

Verkefnisstjóri: ÁF.

Fjármögnunarleiðir: Rnb og einkaaðilar.

Árangursmælingar: fjöldi gesta, jákvæð umfjöllun, kostnaður Rnb, fjárhagsáætlun verkefnis.

LÆRUM AF ÖÐRUM ÞJÓÐUM

Samfélag okkar býður alla nýja íbúa velkomna og aðgreinir þá ekki eftir litarhætti, trú, kynferði eða þjóðerni.

- Áfram verður leitast við að draga það fram sem við getum lært af íbúum okkar sem eru af erlendum uppruna um leið og við hjálpum þeim til að samlagast íslensku samfélagi. Um leið þurfum við að vinna skynsamlega úr reynslu annarra þjóða af samskiptum ólíkra hópa.

- Lögð verði fram sérstök starfsáætlun.
- Lærum af vinabæjum á Norðurlöndum – tekið fyrir á ráðstefnu vinabæja í RNB sumarið 2008.

Framkvæmd: Starfsáætlun liggi fyrir vor 2007 – Vinabæjaráðstefna júní 2008.

Ábyrgð: FFR

Fjármögnunarleiðir: Rnb.

Verkefnisstjóri: KL.

Árangursmælingar: fjöldi í íslenskunámi, mat á virkjun einstaklinga í samfélagið, fjárhagsáætlun verkefnis.

TÍMI FYRIR ÍPRÓTTIR OG HOLLA LÍFSHÆTTI



TÍMI FYRIR ÍPRÓTTIR OG HOLLA LÍFSHÆTTI

- Nýtt íþrótt- og útivistarsvæði
- Fimleikahús
Íþróttahús og sundlaug við Akurskóla
- Áfram íþrótt- og tómstundasamningar
- Félagsaðstaða Keflavíkur
- Vatnaveröld í Reykjanesbæ
- Reiðhöll við Mánagrund
- Akurskóli fullbyggður
- Frístundaskólinn eflur
- Virkjum vísindi hjá unga fólkinu
- Skólamáltíðin áfram ódýr og kjarngóð
- Aukin skemmtun fyrir börnin
- Áfram frítt í sund

NÝTT ÍPRÓTTA- OG ÚTIVISTARSVÆÐI

- Framkvæmdum verður áfram haldið við nýtt íþrótt- og útivistarsvæði vestan við Reykjaneshöll með knattspyrnuvöllum fyrir UMFN og Keflavík.
- Þar munu á næstu árum rísa fleiri æfingavellir fyrir knattspyrnu, ásamt aðalleikvangi Reykjanesbæjar, frjálsíþróttaaðstöðu, vallarhúsi, fimleikahúsi, göngu- og hlaupabrautum og skjólsvæðum.

Framkvæmd: Frágangur svæðis umhverfis knattspyrnusvæði UMFN – vor 2007. Vallarhús með tilheyrandi aðstöðu fyrir æfingavelli – 1. áfangi sumar 2007, 2. áfangi 2008.

Gerð knattspyrnusvæðis Keflavíkur. Lokið í áföngum 2008 – 2010.

Gerð nýs aðalleikvangs – hafin 2010.

Ábyrgð: MÍT.

Verkefnisstjóri: SB.

Fjármögnunarleiðir: Rnb og einkaaðilar.

Árangursmælingar: Staða framkvæmda, uppfyllt skilyrði KSÍ, þátttaka ungs fólks í viðkomandi íþróttum og fjárhagsáætlun verkefnis.

FIMLEIKAHÚS



Reist verður sérgert fimleikahús á nýja íþróttasvæðinu vestan Reykjaneshallar. Verkefnið verður unnið í samstarfi við forystu fimleikafólks í bæjarfélaginu.

Framkvæmd: Risið vor 2009

Ábyrgð: MÍT.

Verkefnisstjóri: SB.

Fjármögnunarleiðir: Fasteign og einkaaðilar.

Árangursmælingar: Staða framkvæmda og fjárhagsáætlun verkefnis.

ÍPRÓTTAHÚS OG SUNDLAUG VIÐ AKURSKÓLA

Tekið verði í notkun íþróttahús og sundlaug við Akurskóla. Íþróttahúsið er að stærð löglegs körfuboltavallar með breikkun vegna áhorfendapalla, 20x33 og sundlaugin verður rúmí 16 metrar að lengd og því góð æfinga- og kennslulaug.

Framkvæmd: Lokið með búnaði haustið 2007.

Fjármögnunarleiðir: Rnb.

Ábyrgð: MÍT.

Verkefnisstjóri: RÖP.

Árangursmælingar: Staða framkvæmda og fjárhagsáætlun verkefnis.

ÁFRAM ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDASAMNINGAR

Líkt og hjá menningarfélögum hafa sérstakir samningar við íþrótt- og tómstundafélög vakið athygli og verið til eftirbreytni hjá öðrum sveitarfélögum.

- Deildir og félög setja sér skýr uppeldis- og heilsumarkmið og verður áfram komið til móts við þau með fjárstuðningi.

Framkvæmd: Samfellt.

Fjármögnunarleiðir: Rnb og einkaaðilar.

Ábyrgð: MÍT.

Verkefnisstjóri: RÖP

Árangursmælingar: Fjöldi aðila sem uppfylla skilyrði. Fjárhagsáætlun verkefnis.

FÉLAGSAÐSTAÐA KEFLAVÍKUR

UMFN hefur tekið í notkun glæsilega félagsaðstöðu undir starfsemi sína.

- Reykjanesbær vill byggja sambærilega aðstöðu fyrir íþrótt- og ungmennafélagið Keflavík í Íþróttahúsinu við Sunnubraut. Unnið verði að teikningum í samráði við Keflavík.

Framkvæmd: Tilbúið vor 2009.

Ábyrgð: MÍT.

Verkefnisstjóri: SB.

Fjármögnunarleiðir: Rnb og einkaaðilar.

Árangursmælingar: Staða framkvæmda og fjárhagsáætlun verkefnis.

VATNAVERÖLD Í REYKJANESBÆ



Með tilkomu Vatnaveraldar var skapað eftirsótt leikjasvæði fyrir fjölskylduna.

Stefnt er að frágangi umhverfis Íþróttamiðstöðina til að skapa enn frekari tækifæri til leikja og útiveru.

Framkvæmd: Hugmyndir um útlit kynntar haust 2007. Framkvæmdir 2008-2010.

Ábyrgð: MÍT.

Verkefnisstjóri: RÖP.

Fjármögnunarleiðir:

Árangursmælingar: Staða framkvæmda og fjárhagsáætlun verkefnis.

REIÐHÖLL VIÐ MÁNAGRUND

Hestafélagið Máni hefur lagt fram metnaðarfullar hugmyndir um byggingu reiðhallar á félagssvæði sínu og mun Reykjanesbær leggja sitt af mörkum svo verkefnið verði að veruleika.

Framkvæmd: Í samráði við Mána.

Ábyrgð: MÍT.

Verkefnisstjóri: SB.

Fjármögnunarleiðir: Ríki og Rnb.

Árangursmælingar:

AKURSKÓLI FULLBYGGÐUR

Í Akurskóla er gert ráð fyrir 450 – 500 nemendum við bestu aðstæður.

- Lokið verður byggingu þriðja og síðasta áfanga kennslubyggingar.

Framkvæmd: Haustið 2008.

Ábyrgð: FRÆ.

Verkefnisstjóri: JÁ.

Fjármögnunarleiðir: Rnb.

Árangursmælingar: Staða framkvæmda og fjárhagsáætlun verkefnis.

FRÍSTUNDASKÓLINN EFLDUR



Reykjanesbær var brautryðjandi sveitarfélaga á Íslandi með tilkomu Frístundaskólans. Markmið skólans er að þar sé börnum búið öruggt skjól, uppeldislegt og námslegt aðhald og tenging við íþrótt- og tómskundastarf á dagtíma. Mikilvægt er að foreldrar geti verið með börnum sínum þegar starfsdegi þeirra lýkur á sama tíma.

- Í Frístundaskólanum verður áfram boðið upp á gjaldfrjálsa þjálfun í einni íþróttagrein, virkari þátttöku í starfi frjálsra félaga og séð um að aka þeim á milli staða.
- Stefnt er að því að Frístundaskólinn starfi innan hvers grunnskóla.
- Verkstjórnarhlutverk verði eflt í hverjum skóla.
- Kennsluráðgjöf verði veitt frá Fræðsluskrifstofu.

Framkvæmd: undirbúningur fer fram frá vori að hausti ár hvert.

Ábyrgð: FRÆ.

Verkefnisstjóri: EH.

Fjármögnunarleiðir:

Árangursmælingar: Fjöldi notenda, ánægja barna og foreldra. Fjárhagsáætlun verkefnis. Samanburð á ánægju barna og foreldra á milli skóla.

VIRKJUM VÍSINDI HJÁ UNGA FÓLKINU

Grunnskólanemendur verða virkjaðir til þess að taka þátt í rannsóknum og fræðslu með áhugaverðum leik til þess að skapa verðmæti úr jarðlindum svæðisins í samvinnu við Hitaveitu Suðurnesja.

Framkvæmd: Fyrsta verkefnið verði sett af stað vorið 2007. Verkefnið verði fullmótað haustið 2007.

Ábyrgð: FRÆ.

Verkefnisstjóri: JÁ.

Fjármögnunarleiðir: HS, Rnb og einkaaðilar.

Árangursmælingar: Fjöldi og virkni þátttakenda. Fjárhagsáætlun verkefnis.

SKÓLAMÁLTÍÐIN ÁFRAM ÓDÝR OG KJARNGÓÐ

Reykjanesbær leggur áherslu á hóflegt gjald skólamáltíða. Grunnskólar Reykjanesbæjar bjóða nú eitt lægsta matarverð á landinu kr. 185 fyrir máltíð í áskrift, sem fylgi verðlagspróun.

- Þessari þjónustu verði haldið áfram. Hollar og bragðgóðar máltíðir eiga að vera einkenni skólamáltíða. Gæðakannanir verða framkvæmdar og ánægjukannanir á meðal nemenda árlega.

Framkvæmd: Vor ár hvert.

Fjármögnunarleiðir: Rnb

Ábyrgð: FRÆ.

Verkefnisstjóri: GS.

Árangursmælingar: gæðakannanir, ánægjukannanir, fjöldi notenda. Fjárhagsáætlun verkefnis.

AUKIN SKEMMTUN FYRIR BÖRNIN



Oft spyrja foreldrar hvað annað sé hægt að gera með börnunum um helgar en fara í bíó, gefa fuglunum, fara á íþróttæfingar, fljúga um á nýja hjólabrettasvæðinu í 88 húsinu, sækja leikvöllina við grunn- og leikskóla, sitja og lesa góða bók eða horfa á sjónvarp. Víst þarf að hafa tækifærin mörg og því leggur Reykjanesbær áherslu á eftirfarandi þrjú verkefni:

1. Húsdýragarður og leikjagarður í Víkingaheimi

- Byggt verði leikjasvæði innan gróðurmannanna í Víkingaheimi í Njarðvík. Þar verði einnig hægt að heimsækja íslensku húsdýrin.

Framkvæmd: Hugmyndir lagðar fram haust 2007. Framkvæmd 2008-2009.

Fjármögnunarleiðir: Einkaaðilar.

Ábyrgur: MÍT.

Verkefnisstjóri: ÁF.

Árangursmælingar: fjöldi notenda, ánægjukannanir. Fjárhagsáætlun verkefnis.

2. Vatnaveröld – undraveröld fyrir börnin

Með tilkomu stækkunar sundmiðstöðvarinnar hefur skapast Vatnaveröld í Reykjanesbæ.

- Nú fínstillum við starfsemina á næstu mánuðum og sköpum fleiri tækifæri í tengslum við Vatnaveröldina til að börn á öllum aldri geti notið sín í þessu skemmtilega umhverfi, haldið afmælisveislur og gert sér glaðan dag.

Framkvæmd: Vor 2007.

Ábyrgur: MÍT.

Verkefnistjóri: RÖP.

Fjármögnunarleiðir: Rnb og einkaaðilar

Árangursmælingar: Fjöldi í sund og kostnaður. Fjárhagsáætlun verkefnis.

3. Fleiri leiksvæði í íbúahverfum

Á íbúafundum með bæjarstjóra hefur oft komið fram að íbúar vilja sjá fleiri svæði í íbúahverfum með einföldum leiktækjum fyrir börnin og setukrók fyrir foreldra. Nú er búið að merkja slík svæði í íbúahverfum og verið að ljúka áætlun um uppbyggingu þeirra á næstu 3 árum.

- Stefnt er að opnun 9 nýrra leiksvæða á næstu 3 árum.

Framkvæmd: Áætlun liggja frammi vorið 2007 – framkvæmt árlega.

Ábyrgð: USK.

Verkefnisstjóri: BS.

Fjármögnunarleiðir: Rnb og einkaaðilar.

Árangursmælingar: Staða framkvæmda, fjöldi notenda. Fjárhagsáætlun verkefnis.

ÁFRAM FRÍTT Í SUND

Til þess að auka hreyfingu og holla lífshætti verður áfram frítt í sund fyrir börn að 16 ára aldri.

- Lögð verður áhersla á að mæla árangur af þessu í auknum fjölda iðkenda og styrkari og liðugri börnum og unglingum.

Framkvæmd: Árangursmælingar í febrúar ár hvert.

Ábyrgð: MÍT.

Verkefnisstjóri: RÖP.

Fjármögnunarleiðir: Rnb og einkaaðilar.

Árangursmælingar: Fjöldi og heilbrigði (í samstarfi við ÍAK).

TÍMI TIL AÐ NJÓTA UMHVERFISINS



TÍMI TIL AÐ LIFA OG NJÓTA UMHVERFISINS

- Sorpeyðing
- Endurgerð skrudgardanna
- Sjóvarnir
- Bætt ásýnd Hafnargötu og lífæðar
- Endurgerð Hringbrautar
- Gerð gönguleiða
- Hreinsun strandlengjunnar
- Ylströnd í Njarðvík
- Varðveitum umhverfisperlur
- Umhverfismerkið Bláfáninn
- Bætt ásýnd bæjarins
- Betri merkingar við umferðaræðar

Reykjanesbær vill stuðla að bættu umhverfi til skemmri og lengri tíma fyrir íbúa. Sérhver ákvörðun, sem tekin er í dag, þarf að standast mat á heildaráhrifum á umhverfi okkar til lengri tíma. Þannig þarf að meta jákvæð og neikvæð áhrif á umhverfi okkar út frá mikilvægum verkefnum sem unnið er að til að tryggja hámarksþægð hinna jákvæðu áhrifa og lágmarksþægð neikvæðra áhrifa.

Í umhverfisverkefnum síðustu ára hafa þúsundir tonna af járnarusli verið hreinsaðar úr bæjarlandinu og bærinn hefur fengið nýja ásýnd, stendur bæjarlandsins hafa verið hreinsaðar og gróðurækt stóraukin. Áfram verður haldið á þessari braut.

SORPEYÐING

Bæjarfélögin á Suðurnesjum eru einnig í forystu sorpeyðingar með tilkomu nýju sorpbrennslustöðvar Kólku. Aðferðin er hins vegar kostnaðarsamari en hefðbundnar urðunarleiðir.

- Því þarf að leita leiða til hagræðingar á sameiginlegum vettvangi sveitarfélaganna.
- Þá þarf að finna aðra greiðsluleið en að íbúar þurfi að greiða fyrir sorp, sem er sturtað inn á heimili í formi óumbeðins lesefnis.

Framkvæmd: Niðurstöður liggja fyrir sumarið 2007.

Ábyrgð: FJÁR.

Verkefnisstjóri: ÁHH.

Fjármögnunarleiðir:

Árangursmælingar: Fjárhagsáætlun verkefnis.

ENDURGERÐ SKRÚÐGARÐANNA



Unnið verður að endurgerð skróðgarðanna í Keflavík og Njarðvík, þar sem saman eiga að fara fallegur gróður í skjólbeltum og reitir fyrir fjölskylduna til ánægjulegrar samveru.

Framkvæmd: Unnið verði við skróðgarðana samhliða. Endurgerð hefst sumarið 2007 og lýkur haustið 2009.

Ábyrgð: USK.

Verkefnisstjóri: SJJ.

Fjármögnunarleiðir: Rnb, félagasamtök og einkaaðilar.

Árangursmælingar: Staða framkvæmda, kostnaður Rnb. Fjárhagsáætlun verkefnis.

SJÓVARNIR

Unnið verður að yfirferð sjóvarna og einföldum viðgerðum. Efni verði áfram tekið úr lóðaframkvæmdum í Helguvík.

Framkvæmd: Vor 2007 - 2010.

Fjármögnunarleiðir: Ríki og Rnb.

Ábyrgð: ATH.

Verkefnisstjóri: PJ.

Árangursmælingar: Staða framkvæmda. Fjárhagsáætlun verkefnis.

BÆTT ÁSÝND HAFNARGÖTU OG LÍFÆÐAR

Unnið verður að uppsetningu bekkja, götugagna og fínstillingu ýmissa umhverfisþátta við götuna eftir árstíðum, alla samgöngulínuna eftir Njarðarbraut og inn í nýju hverfin í Innri Njarðvík.

Framkvæmd: Lokið sumar 2009.

Ábyrgð: USK.

Verkefnisstjóri: SJJ.

Fjármögnunarleiðir: Rnb og þjónustuaðilar við línuna.

Árangursmælingar: Auknar tekjur fyrirtækja, ánægja notenda. Fjárhagsáætlun verkefnis.

ENDURGERÐ HRINGBRAUTAR

Unnið verður að endurgerð Hringbrautar til að bæta ásýnd hennar og draga úr umferðarhávaða við íbúðarhús í nágrenninu. Íbúar verða beðnir um álit á nokkrum kostum um útlit, sem lagðir verða fram.

Framkvæmd: 4 áfangar vor 2007 - 2010. Kynning vor 2007.

Ábyrgð: USK.

Verkefnisstjóri: SNV.

Fjármögnunarleiðir: Rnb.

Árangursmælingar: Umferðarhávaði, öryggi vegfarenda, ánægja íbúa. Fjárhagsáætlun verkefnis.

GERÐ GÖNGULEIÐA



Skipulega verður unnið að gerð göngu- og útivistarsvæða. Framundan er tenging "rómantíska" svæðisins í Keflavík við svæðið ofan Reykjaneshallar í Njarðvík og inn í Innri Njarðvík. Skipulagt hefur verið annað göngusvæði með ströndinni frá Berginu, alveg upp á Stapa.

Gerð verði framkvæmdaáætlun sem sýnir heildarleiðir- reiðleiðir, gönguleiðir og hjólaleiðir auk lýsinga. Samhliða verði unnið að bættum merkingum á gönguleiðum, sem kynna helstu umhverfisperlur og dýralíf.

Framkvæmd: Áætlun gerð vor 2007. Gerð merkingar á núverandi gönguleiðum vor 2007 og 2008. Framkvæmd gönguleiða samkvæmt yfirliti: vor og sumar 2007 - 2010.

Ábyrgð: USK.

Verkefnisstjóri: SJJ.

Fjármögnunarleiðir: Rnb, félagasamtök og einkaaðilar

Árangursmælingar: Tími framkvæmda, fjöldi notenda og ánægja. Fjárhagsáætlun verkefnis.

HREINSUN STRANDENGJUNNAR

Áfram verði unnið að hreinsun strandlengjunnar með samtengingu frárennslisrása. Gerð verði áætlun um framkvæmd.

Framkvæmd: Frá vori 2008 - 2010.

Ábyrgð: USK

Verkefnisstjóri: VMA.

Fjármögnunarleiðir: Rnb og ríki.

Árangursmælingar: Gerlagróður, sjónmengun og fjárhagsáætlun verkefnis.

YLSTRÖND Í NJARÐVÍK

Í tengslum við mögulegar nýjar höfuðstöðvar HS á Fitjum verði gerð tenging við frágang svæðis norðan höfuðstöðvanna að ströndinni. Sjóvarnargarðurinn verður nýttur sem skjólhlið og komið fyrir baðstöðu og leikjasvæði.

Framkvæmd: Frá vori 2008 - 2009.

Fjármögnunarleiðir: Rnb og einkaaðilar.

Ábyrgð: ATH.

Verkefnisstjóri: PJ.

Árangursmælingar: Tími framkvæmda. Fjárhagsáætlun verkefnis.

VARÐVEITUM UMHVERFISPERLUR

Svæðin við Seltjörn og Sólbrekkur, Reykjanesvita og í Höfnum verða varðveitt og skipulögð sem framtíðar útivistarsvæði með góðri aðstöðu til útivistar.

Framkvæmd: Skipulagstillögur samþykktar fyrir vor 2008.

Ábyrgð: USK.

Verkefnisstjóri: SJJ.

Fjármögnunarleiðir:

Árangursmælingar: Tími verkefnis og fjárhagsáætlun verkefnis.

UMHVERFISMERKIÐ BLÁFÁNINN

Reykjanesbær stefnir að því að hljóta umhverfismerkið Bláfánann fyrir smábátahöfnina í Gróf.

Framkvæmd: 2008

Ábyrgð: ATH.

Verkefnisstjóri: ÁF.

Fjármögnunarleiðir:

Árangursmælingar: Bláfáninn. Fjárhagsáætlun verkefnis.

BÆTT ÁSÝND BÆJARINS

Í heild, gróðurbelti og skýrari mynd gatna. Unnið verði að endurskoðun áætlana um endurgerð á svæðum



Framkvæmd: Vor 2008

Fjármögnunarleiðir: Rnb og einkaaðilar

Ábyrgð: USK.

Verkefnisstjóri: SJJ.

Árangursmælingar: Landskönnun um ásýnd bæja. Fjárhagsáætlun verkefnis.

BETRI MERKINGAR VIÐ UMFERÐARÆÐAR

Unnið verði yfirlit yfir nauðsynlegar gatna- og upplýsingamerkingar í bæjarlandi, sem nýtist bæði innlendum sem erlendum ferðamönnum.

Framkvæmd: Yfirlit tilbúið vor 2007. Framkvæmdalok apríl 2008.

Ábyrgð: USK.

Verkefnisstjóri: SJJ.

Fjármögnunarleiðir:

Árangursmælingar: Tími framkvæmda. Fjárhagsáætlun verkefnis.

TÍMI TIL AÐ FERÐAST OG FRÆÐAST



TÍMI TIL AÐ FERÐAST OG FRÆÐAST

- **Vikingaheimur**
- **Orkuverið Jörð**
- **Maður og haf á Reykjanesi**
- **Nýjar sýningar Byggðasafnsins**

Til viðbótar við skemmtileg tækifæri sem bjóðast í dag með list-, byggða- og bátasýningum, hvalaskoðun, sjóstangaveiði, sundlaugum, gönguleiðum um Reykjanes og aukinni flóru veitingahúsa er brýnt að byggja sterkari segla fyrir erlenda sem innlenda ferðamenn.

VÍKINGAHEIMUR

Reykjanesbær mun styðja við bakið á einkaaðilum.

Sýningin á að draga til sín þúsundir ferðamanna, bæði erlenda og innlenda, á næstu árum og skapa grundvöll fyrir fjölmörg störf í ferðaþjónustu í Reykjanesbæ. Verkefnið verði unnið í samráði við einkaaðila.

Framkvæmd: Maí 2008.

Ábyrgð: MÍT.

Verkefnisstjóri: ÁF.

Fjármögnunarleiðir: ríki, einkaaðilar og Rnb.

Árangursmælingar: Fjöldi gesta. Fjárhagsáætlun verkefnis.

ORKUVERIÐ JÖRÐ

Samhliða byggingu orkuvers á Reykjanesi verður sett upp sýningin "Orkuverið Jörð". Reykjanesbær mun vinna með HS að framgangi málsins. Áhugavert

verður að tengja sýninguna við rannsóknir í jarðfræði og orkunýtingu sem áfram kallar á samvinnu við menntastofnanir á öllum skólastigum.

Framkvæmd: Sýningin opnar árið 2007.


Fjármögnun: HS og einkaaðilar.

Ábyrgð: MÍT.

Verkefnisstjóri: ÁF.

Árangursmælingar: Tími framkvæmda, fjöldi gesta og fjárhagsáætlun verkefnis.

MAÐUR OG HAF Á REYKJANESI



Frá orkuverinu mun renna heitur sjór renna til sjávar. Tækifærin eru mörg og spennandi.

Sjóböð, sjávardýraveröld og sjóleikjasvæði væru auðveld viðbót við þá uppbyggingu sem þar er nú þegar komin.

- Þessar hugmyndir verða þróaðar áfram með stjórnendum HS.

Framkvæmd: Hugmyndavinna kynnt vor 2008.

Ábyrgð: MÍT.

Verkefnisstjóri: ÁF.

Árangursmælingar: Staða framkvæmda og fjöldi notenda. Fjárhagsáætlun verkefnis.

Fjármögnunarleiðir: HS og einkaaðilar

NÝJAR SÝNINGAR BYGGÐASAFNSINS

Sýningarstaðir safnsins í Innri Njarðvík, á Vatnsnesi og í Duushúsum verða betur úr garði gerðir og munu gefa fjölbreytt tækifæri til sýningarhalds á næstu árum.

Kannaðir verða möguleikar á fleiri sýningum og sýningarstöðum t.d. á nýju svæði Reykjanesbæjar við Keflavíkurflugvöll.

Framkvæmd:

Ábyrgð: MÍT.

Verkefnisstjóri: SÁJ.

Fjármögnun: Rnb, ríki og einkaaðilar.

Árangursmælingar: Fjöldi sýninga, fjöldi gesta. Fjárhagsáætlun verkefnis.

TÍMI FYRIR SLYSALAUSA SÝN



TÍMI FYRIR SLYSALAUSA SÝN

Skipulega er unnið er að því að auka umferðaröryggi í Reykjanesbæ. Verkefnið "slysalaus sýn" snýr að öruggari samgönguleiðum, öruggari öikumönnum, og öruggara viðhaldi bifreiða. Slíkt verkefni snýr augljóslega ekki aðeins að Reykjanesbæ einum en við viljum leiða samstarf um slíkt verkefni eða styðja þá sem vilja leggja sitt af mörkum í átaki gegn ofsaakstri og láta hvergi okkar eftir liggja til að ná árangri. Reykjanesbær Leiðir sem hér hafa verið farnar m.a. að draga úr hraðaakstri í íbúðahverfum og við gönguleiðir og ókeypis strætisvagnar, hafa dregið úr slyshættu í umferðinni.

Tvöföldun Reykjanesbrautar verður fylgt eftir þar til framkvæmdum verður að fullu lokið 2008.

- Unnið verður að gerð áætlunar um slysalausa sýn með aðstoð færustu sérfræðinga FÍB, Lögreglu, Vegagerðar, Umferðarstofu, Samstöðu og erlendra samstarfsaðila. Þar er lögð áhersla á að draga fram hættulega staði í umferð og umhverfi. Gera greiðfærari ökuleiðir, fjölga göngustígum, bæta aðgengi fatlaðra, bæta umferðarmerkingu og gera fræðslu skilvirkari.

Framkvæmd: Áætlun með mælanlegum árangursmarkmiðum liggja fyrir haustið 2007.

Ábyrgð: USK.

Verkefnisstjóri: SJJ.

Fjármögnun: Rnb og einkaaðilar .

Árangursmælingar: Fjöldi slysa. Mat íbúa á samgöngukerfi. Fjárhagsáætlun verkefnis.

ÖKUGERÐI

Reykjanesbær ætlar að vera í fararbroddi bættrar akstursmenningar og akstursíþróttar með því að standa að æfingaaðstöðu fyrir óvana ökumenn á nýju og fullkomnu akstursíþróttasvæði sunnan Reykjanesbrautar (Motopark).

Framkvæmd: Ökugerði verður unnið samhliða uppbyggingu aðstöðu á Motopark svæði – vorið 2008. Gert er ráð fyrir að framkvæmd taki 8 mánuði.

Ábyrgð: MÍT.

Verkefnisstjóri: SB.

Fjármögnun: Ríki, Rnb og einkaaðilar.

Árangursmælingar: Tími framkvæmda. Fjárhagsáætlun verkefnis.

BÆTT AÐGENGI FATLAÐRA

Aðgengi fatlaðra er enn víða ábótavant í sveitarfélaginu.

- Farið verður í sérstakt átak þar sem bæjaryfirvöld munu aðstoða og hvetja fyrirtæki til þess að bæta aðgengi fatlaðra að starfsstöðvum sínum og á helstu þjónustuleiðum.
- Verkefnið verður unnið af samstarfsnefnd bæjar og fulltrúa fatlaðra.
- Unnið verði yfirlit yfir hindranir fyrir fatlaða og í framhaldi af því lögð fram áætlun um framkvæmdir til að eyða slíkum hindrunum í á helstu umferðarleiðum.

Framkvæmd: Yfirlit og áætlun lagt fram haust 2007, framkvæmt 2008-2009

Ábyrgð: USK.

Verkefnisstjóri: BS.

Fjármögnun: Rnb.

Árangursmælingar: Aðgengi fyrir alla. Fjárhagsáætlun verkefnis.

TÍMI TIL AÐ NJÓTA AÐGENGILEGRAR STJÓRNSÝSLU



TÍMI TIL AÐ NJÓTA AÐGENGILEGRAR STJÓRNSÝSLU

- Skjót og vönduð upplýsingagjöf – hentugt samráðsferli
- Tími til að styrkja fjárhag án skattahækkana

SKJÓT OG VÖNDUÐ UPPLÝSINGAGJÖF – HENTUGT SAMRÁÐSFERLI

Mitt Reykjanes og aukin rafræn þjónusta skapar íbúum aukinn sveigjanleika til að afla sér upplýsinga og nýta þjónustu.

1. Rafræn þjónusta bæjarins skal gera íbúum fært að afla sér ítarlegra upplýsinga, leggja inn tillögur og halda utan um erindi sín og svör sem þeim berast. Meðal upplýsinga sem íbúar eiga að geta aflað sér eru reikningsviðskipti þeirra við Rnb og teikningar úr landupplýsingakerfi
2. Í tengslum við framangreind markmið verður leitast við að kanna viðhorf íbúa til hinna ýmsu verkefnaþátta í gegnum MITT REYKJANES.
3. Þótt rafræn notkun sé hagkvæm og þægileg hentar hún ekki öllum. Því er mikilvægt að stjórnendur bæjarfélagsins tryggja aðgengi bæjarbúa að stjórnsýslunni og starfsmönnum hennar með beinum hætti. Lögð er áhersla á að starfsmenn veiti skjót og greinargóð svör sé þess kostur.
4. Gerð verði miðja upplýsinga á bæjarskrifstofum þar sem íbúar geta komið á einn stað til að afla gagna eða upplýsinga.
5. Íbúafundir með bæjarstjóra og framkvæmdastjórum starfssviða Reykjanesbæjar, verða haldnir árlega í öllum hverfum. Þar verður lögð áhersla á að upplýsa bæjarbúa um helstu verkefni, fjalla um nærtæk verkefni, taka við ábendingum og svara fyrirspurnum íbúa.
6. Upplýsinga- og samráðsfundir um fjölskyldumálefni, framkvæmdir, skipulags- og umhverfismál og íþróttamál verði haldnir árlega.
7. Stefnumiðað árangursmat verður innleitt til að fylgja eftir framtíðarsýn og verkefnum sem stofnað er til í nafni hennar. Þannig verða

mælikvarðar um árangur styrktir enn frekar. Lokið verður við stefnukort fyrir bæjarfélagið í apríl 2007, ásamt skorkortum fyrir málaflokka og viðeigandi mælikvörðum.

Framkvæmd: Samfelt.

Ábyrgð: FJÁR.

Verkefnisstjóri: 1 og 2: DG, 3: HJO, 4: MBH 5: EM og frkvstj. 6: EM og frkvstj. 7: ÁHH.

Fjármögnun: Rnb.

Árangursmælingar: Þátttaka, mat íbúa og fjárhagsáætlun verkefnis.

TÍMI TIL AÐ STYRKJA FJÁRHAG ÁN SKATTAHÆKKANA

Áfram þarf að halda öflugri uppbyggingu Reykjanesbæjar á nýjum og eldri byggingarsvæðum og m.a. taka við atvinnu- íbúa- og samfélagssvæði á nýjum bæjarkjarna við Keflavíkurlugvöll. Þetta er kostnaðarsamt ferli. Fjölgun bæjarbúa, auknar tekjur þeirra, og fjölgun fyrirtækja eykur tekjur bæjarfélagsins umfram stofnkostnað, til lengri tíma. Eins og í öllum fjárfestingum til framtíðar tekur tíma að fárfestingin skili sér í auknum tekjum. Þetta er þó að takast í Reykjanesbæ mun hraðar en áður hefur þekkst í íslenskum bæjarfélögum.

- **Markmiðið er að bæjarbúar njóti saman hagnaðar af íbúaaukningunni og njóti um leið góðs af hóflegum álögum, sem gefa þeim færi á að njóta betur afraksturs eigin vinnu.**
- Útsvar verði áfram lægra í Reykjanesbæ en í stærstu sveitarfélögum.
- Greiðslur fasteignagjalda á hvern íbúa verði einnig lægri en í stærstu sveitarfélögum.
- Gert er ráð fyrir lækkun fasteignagjalda á eldri borgara í janúar 2007.
- Veltufé bæjarsjóðs frá rekstri verði jákvætt.
- Handbært fé bæjarsjóðs frá rekstri verði jákvætt.
- Notkun árangursmælikvarða (Balanced Scorecard) í rekstri verði þróuð frekar á tímabilinu.

Framkvæmd: Árlegt mat m.v. ársreikning.

Ábyrgð: FJÁR.

Verkefnisstjóri: ÁHH.

Fjármögnun: Rnb.

Árangursmælingar: Samanburður á ofangreindu. Fjárhagsáætlun verkefnis.

SKIPULAG TIL AÐ LIFA OG NJÓTA



SKIPULAG TIL AÐ LIFA OG NJÓTA

- **Helstu verkefni á kjörtímabilinu**
- **Tími fyrir atvinnu- og íbúáþróun á Keflavíkurflugvelli**

Vel verður staðið að uppbyggingu og frágangi gatna og gangstíga í nýjum hverfum sveitarfélagsins en kostnaður vegna þeirra nú er framtíðartekjur til margra næstu ára.

Íbúum Reykjanesbæjar fjölgar ört. Stefnt er að því að þeir verði orðnir 13.500 í lok árs 2010. Það þýðir öflugri verslun og þjónustu fyrir alla bæjarbúa og auknar tekjur fyrir bæjarsjóð.

Helstu verkefni á kjörtímabilinu verða

- Landupplýsingakerfi gert betur aðgengilegt íbúum. Stefnt er að því að gögn sem sækja þarf til byggingarfulltrúa verði aðgengileg á netinu, s.s. kort af svæðum og skipulagsteikningar fyrir viðkomandi eignir. Endurskoðað aðalskipulag Reykjanesbæjar verði lagt fram haust 2008, þó með forgangi á skipulagssvæði Helguvíkur í norðri og Motopark svæði í austri.
- **Lokið verði deiliskipulagi eftirfarandi svæða í lok árs 2007:**
 - **Stapahverfi**, verði deiliskipulagt með nýjum mislægum gatnamótum við Reykjanesbraut, Aðlaðandi íbúðahverfi með blandaðri gerð íbúða og aukinni áherslu á þjónustumiðju þar sem verslanir, skólar og samkomustaðir verði samtengd.
 - **Íþróttasvæði vestan Reykjanesvallar**. Áhersla verði lögð á endurskoðun gildandi skipulags með sveigjanleika til

framtíðarmótunar stærra svæðis undir íþróttir og útivist, auk hóflegar íbúabyggðar.

- **Vatnsnessvæðið** verði í samstarfi við eigendur eigna á svæðinu gert að aðlaðandi íbúða- og hótelhverfi með tilheyrandi veitinga- og þjónustupáttum.
- **Bryggjuhverfi í Gróf** og við Bergið verði skipulagt með tilliti til nálægðar við smábátahöfn og stækkun hennar.
- **Strandbyggð á Hákotstöngum** í Innri-Njarðvík verði skipulögð í samráði við eigendur bygginga, með áherslu á að varðveita og bæta umhverfi tjarna, gamalla tófta, og útivistarsvæðis sem nær frá strönd upp að útsýnissvæði á Kambi!
- **Motopark svæðið** er sunnan Reykjanesbrautar og vestan Grindavíkurvegjar. Svæðið byggir á aðstöðu fyrir kappakstursbrautir fyrir bifreiðir, æfingabrautir, akstursíþróttasvæði, gróður- og útivistarsvæði, auk þjónustusvæða og íbúabyggðar.
- **Byggðarkjarni við Keflavíkurflugvöll.** Íbúa- og atvinnusvæði verði skipulagt í tengslum við endurskoðun aðalskipulags. Þar verði eftirsótt, heildstætt og vandað hverfi í Reykjanesbæ. Sértek not íbúasvæðis verði þá skilgreind. Sjá hér að neðan:

TÍMI FYRIR ATVINNU- OG ÍBÚAÞRÓUN Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI



Stærsti hluti byggingasvæðis fyrrum Varnarliðs á Keflavíkurflugvelli, bæði geymslu-húsnæði, atvinnuhúsnæði, íbúðir og samfélagslegt húsnæði, er innan landamerkjja Reykjanesbæjar. Ríkið hefur tekið yfir eignirnar og Þróunarfélag hefur verið stofnað um undirbúning að þróun svæðis, skipulag og nýtingu eigna. Þetta er í samræmi við tillögur Reykjanesbæjar sem lagðar voru fram í tengslum við brotthvarf Varnarliðsins.

- Reykjanesbær leggur áherslu á að þróunarvinna verði í fullu samráði við bæjaryfirvöld. Augljóst er að alþjóðaflugvöllurinn getur nýtt húsnæði og aðbúnað á og við flughlöð Varnarliðsins og stefna ber að framtíðarskipulagi með þetta í huga.
- Mikilvægt er að nýta einnig vel tækifæri í geymslu- og iðnaðarhúsum á svæðinu en fjöldi fyrirtækja hefur sýnt áhuga á rekstri á þessu svæði.

- Viðkvæmasti þáttur verkefnisins tengist 2000 einstaklings- og fjölskylduíbúðum sem eru á svæðinu og nýtingu samfélagsbygginga þar, s.s. skóla, íþróttamannvirkja, leikja- og kvikmyndasala, osfrv.
- Reykjanesbær þarf einnig að taka að sér umsýslu á vegakerfi og lagnakerfi á svæðinu, sem mun tilheyra bænum skipulagslega.
- Vinna þarf deiliskipulag að svæðinu með tilliti til framtíðaruppbyggingar í samvinnu við Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar.
- Enn fremur starfi Reykjanesbær með þróunarfélaginu að skoðun valkosta við uppbyggingu svæðisins, s.s. tengt háskólastarfsemi, heilbrigðisþjónustu, listsköpun eða öðrum tækifærum sem til skoðunar eru.
- Reykjanesbær telur mikilvægt að varðveita söguleg verðmæti vegna Varnarliðsins .

Framkvæmd:

Ábyrgð: USK.

Verkefnisstjóri: VMA.

Fjármögnun: Rnb.

Árangursmælingar: Fjöldi nýrra starfa á svæðinu, launaþróun á svæði.
Fjárhagsáætlun

TÍMI TIL AÐ VELJA UM VELLAUNUÐ STÖRF



TÍMI TIL AÐ VELJA UM VELLAUNUÐ STÖRF

- Sköpun vellaunaðra starfa
- Áhersla á sameiginlega sýn fyrir Vestanvert Reykjanes

SKÖPUN VELLAUNAÐRA STARFA

Markmið Reykjanesbæjar á þessu kjörtímabili er að stuðla að sköpun 500 vel launaðra starfa á vestanverðu Reykjanesi. Þetta er í samræmi við áætlun um 1700 íbúa fjölgun á tímabilinu.

Fá svæði á Íslandi utan höfuðborgarsvæðisins bjóða eins marga möguleika til atvinnusköpunar og umhverfi okkar í Reykjanesbæ. Alþjóðaflugvöllurinn, íþróttirnar, tónlistin, hafnir og athafnasvæðið í Helguvík, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, mannvirki varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, ferðapjónusta, jarðhitinn og gróska í menningu.

Áfram verði unnið að eftirfarandi verkefnum sem styrkja atvinnuþróun á svæðinu:

1. Uppbygging í Helguvík undir iðnaðar og atvinnulóðir
2. Nægt framboð lóða sé undir atvinnu og íbúabyggð og þær séu samkeppnishæfar í verðum og aðstöðu við höfuðborgarsvæðið
3. Bætt aðstaða við lífæðina og við Reykjanesbraut fyrir verslunar og þjónustufyrirtæki.

4. Gerð fleiri sterkra segla í ferðapjónustu með tilkomu Víkingaheims, Hljómahallarinnar og Orkuversins jarðar.
5. Aukinn stuðningur við skipulag alþjóðaflugvallar með áherslu á vandaða fólks- og birgðaflutninga.
6. Efling háskólastarfsemi á svæðinu t.d. með tengingu við húsnæði á Keflavíkurlflugvelli.
7. Efling tónlistarmenntunar og nýting íslenskrar tónlistar og tengingar hennar við aðra þróun hugbúnaðar, hugmynda og hugverka.

Framkvæmd: 2006 – 2010.

Ábyrgð: ATH.

Verkefnisstjóri: 1: PJ, 2: VMA, 3: VMA 4: ÁF, 5: PJ, 6: ÁF, 7: HÁH.

Fjármögnunarleiðir: Rnb, ríki og einkaaðilar.

Árangursmælingar: Mat á framvindu verkefna. Fjárhagsáætlun verkefnis.

ÁHERSLA Á SAMEIGINLEGA SÝN FYRIR VESTANVERT REYKJANES:

Reykjanesbær er reiðubúinn að standa að sameiginlegri byggingar- og skipulagsnefnd um atvinnusvæði allt frá Helguvík og inn á flugvallarsvæði ef það má verða til að hraða skynsamlegri uppbyggingu atvinnuskapandi verkefna á svæðinu.

Tími framkvæmda: 2006 – 2010.

Ábyrgð:

Verkefnisstjóri:

Fjármögnunarleiðir:

Árangursmælingar: Mat á framvindu verkefna. Fjárhagsáætlun verkefnis.

TÍMI TIL AÐ TAKA TIL



TÍMI TIL AÐ TAKA TIL!

Það er metnaðarmál fyrir bæjarbúa að umhverfi bæjarins sé fallegt og vel hirt. Fáeinir einstaklingar líta á götur bæjarins sem ruslafötur. Það er kostnaðarsamt að þrifa eftir slíka aðila, auk þess sem vel hirt umhverfi á að vera metnaðarmál okkar allra. Leiðir til að upplýsa hafa ekki skilað nægum árangri.

- Heimildir lögreglusamþykkt til viðurlaga fyrir að henda rusli á almannafæri verði nýttar og sektarákvæði hækkuð verulega.
- Á sama hátt verði hert viðurlög við slæmri umgengni eftir heimilisdyr.

Einnig verði aukin jákvæð kynning með eftirfarandi hætti:

- Vinnuskólinn - umhverfisumræða
- Íbúafundir með börnum
- Börn á sal í grunnskóla - fjallað um hreinna umhverfi
- Samkeppni í skólum - umræða um hreinna umhverfi
- Verslunareigendur, fyrirtækjæigendur og íbúar hreinsi fyrir utan hjá sér
- Pokar í bíla - Reykjanesbær er hreinn bær! - Leggðu þitt af mörkum!
- Ruslatunnur mun víðar - en þær þarf að hreinsa
- Auka viðurkenningar
- Heilbrigðiseftirlitið – aukið samstarf
- Við bílalúgur sé minnt á að setja umbúðir í ruslafötur - ekki á götur!
- Tyggjöhreinsivél virkjuð
- Samband ísl. sveitarfélaga ásamt umhverfisráðuneyti - samvirkt átak!
- Öll fyrirtæki sem Reykjanesbær skiptir við hafi umhverfisstefnu

Framtíðarsýn 2006 - 2010

- Fjölga hreinsivikum – ekki bara á vorin
- Umhverfi byggingarsvæða – átak í að iðnaðarmenn gangi strax frá rusli
- Settar verði upp ruslafötur við aðkeyrslur bifreiða.

Framkvæmd: Áfangaskipting verkefnis verði lögð fram vor 2007 – Verkefni unnið 2007 - 2009.

Ábyrgð: USK.

Verkefnisstjóri: SJJ.

Fjármögnunarleiðir: Rnb og einkaaðilar.

Fjármögnun:

Árangursmælingar: Vel hirt umhverfi - Könnun um stöðu sveitarfélaga.

TÍMI FYRIR VELFERÐ ALLA LEIÐ



TÍMI FYRIR VELFERÐ ALLA LEIÐ

- Samstarf við Heilbrigðisstofnun
- Sólarhringsvaktir
- Ókeypis uppeldisnámskeið- SOS
- Styrking á þjónustu barnaverndar
- Umönnunargreiðslur Reykjanesbæjar
- Lækkun leikskólagjalda og fjölskylduafsláttur
- Nýir leikskólar
- Uppeldi til árangurs
- Skilvirkir grunnskólar
- Manngildissjóður - styrkari stoðir við manngildisverkefni

Sérhver einstaklingur skiptir máli til að skapa velferð heils samfélags. Velferð hvers einstaklings hefst í móðurkviði og það er hlutverk okkar allra í samfélaginu að skapa nýjum einstaklingi góðar aðstæður alla leið.

Við teljum margsannað að góðar uppeldisaðferðir geti stuðlað að þroska og hamingju sérhvers einstaklings.

Reykjanesbær hefur lagt fram margþætt verkefni sem styrkja fjölskylduna og einstaklingana innan hennar. Þar ber helst að nefna eftirtalin verkefni sem áfram ber að vinna að:

- ✓ *Umönnunargreiðslur*
- ✓ *SOS – Hjálp fyrir foreldra*
- ✓ *Einkakennari í uppeldi*

- ✓ Geð – og sálfélagsleg þjónusta við börn 0 – 10 ára og foreldra þeirra - Samstarfsverkefni með HSS
- ✓ Lestrarmenning
- ✓ Nemendasamningar í grunnskólum
- ✓ Heitur matur í hádeginu
- ✓ Forskóli tónlistanáms
- ✓ Tónlistanáms í grunnskólum
- ✓ Frítt í sund
- ✓ Frítt í strætó
- ✓ Þjálfarastyrkir
- ✓ Frístundaskólinn
- ✓ Listaskóli barna
- ✓ Vinnuskólinn allt árið
- ✓ Verndum þau
- ✓ Hugsað um barn 14-16 ára
- ✓ Tómsstundir til 18 ára
- ✓ Uppeldi til árangurs
- ✓ Vinna gegn einelti og ofbeldi
- ✓ Samtakahópurinn
- ✓ Björgin / þjónusta við fólk með geðraskanir

Sértækar áherslur eru:

SAMSTARF VIÐ HEILBRIGÐISSTOFNUN

Áfram verður lögð áhersla á að vinna með Heilbrigðisstofnun Suðurnesja að sameiginlegri aðstoð við foreldra ungbarna 0 – 10 ára. Samvinna um greiningu og aðstoð við foreldra allt frá meðgöngutíma getur skipt sköpum fyrir velferð barnsins.

Framkvæmd: Hafið, 2006 – 2010.

Ábyrgð: FRÆ.

Verkefnistjóri: GJG.

Fjármögnunarleiðir: Rnb, HSS og önnur sveitarfélög.

Árangursmælingar: fjöldi þungra meðferðartilvika og rannsókn á árangri meðferðar.

SÓLARHRINGSVAKTIR

Reykjanesbær mun beita sér fyrir því að gera sólarhringsvaktir á HSS að forgangsverkefni ráðuneytisins.

Framkvæmd: 2006 – 2009.

Ábyrgð: (ríki)

Verkefnisstjóri: HZ

Fjármögnunarleiðir: ríki.

Árangursmælingar: Sólarhingsvöktum komið á.

ÓKEYPIS UPPELDISNÁMSKEIÐ - SOS



Mikilvægt er að allir sem verða á vegi barnsins séu þátttakendur í uppeldi þess og tjái sig með sama jákvæða hætti við það. Þannig stuðlum við að samhengi í uppeldi barna okkar og styrkjum þau best til framtíðar. SOS námskeiðum verður haldið áfram og þau áfram boðin þátttakendum að kostnaðarlausu. Áhersla verður lögð á að aðfluttir foreldrar fái tækifæri til að sækja námskeiðin, svo og hópar þar sem endurnýjun starfsfólks á sér stað s.s. starfsfólk grunnskóla, leikskóla og dagforeldrar.

Framkvæmd: Hafið – 2006-2010.

Ábyrgð: FRÆ.

Verkefnisstjóri: GJG.

Fjármögnunarleiðir: Rnb og einkaaðilar.

Árangursmælingar: Breytt hegðun, tíðni ofvirkni og hegðunarörðugleika, notkun aðferða hjá starfsfólki.

STYRKING Á ÞJÓNUSTU BARNAVERNDAR

Reykjanesbær stóð að stofnun Rannsóknarseturs í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands og er þannig frumkvöðull að því að styrkja faglega þjónustu við barnavernd á Íslandi. Hugtakið jákvæð barnavernd er í fyrirrúmi hjá Reykjanesbæ sem miðar að því að leiðbeina og aðstoða foreldra.

- Áfram verður viðhaldið þessu forystuhlutverki.

Framkvæmd: Hafið – 2006 – 2010.

Ábyrgð: FFR.

Verkefnistjóri: RE.

Fjármögnunarleiðir: Rnb.

Árangursmælingar: Fjöldi tilkynninga og þyngd barnaverndarmála.

UMÖNNUNARGREIÐSLUR REYKJANESBÆJAR

Til að veita foreldrum enn frekari stuðning í uppeldishlutverkinu og stuðla að auknum samverustundum fjölskyldunnar á viðkvæmasta tímabili í lífi barnsins, mun Reykjanesbær leggja mánaðarlegar greiðslur til foreldra ungbarna, eftir að fæðingarorlofi lýkur og þar til þau fara á leikskóla. Með þessu móti er reynt að stuðla að því að foreldrar geti sinnt börnum sínum lengur heima eftir að fæðingarorlofi lýkur, notið aðstoðar ættingja eða nýtt þjónustu dagforeldra þar til börnin hafa þroska til að fara á leikskóla.

- Stuðningurinn nemur 30 þúsund krónum á mánuði.
- Til að virkja þennan stuðning þurfa foreldrar að hafa sótt tveggja kvölda kynningu hjá Reykjanesbæ sem fjallar um helstu þjónustu við börn í Reykjanesbæ og nýjustu upplýsingar um þroska- og uppeldissálarfræði.
- Stuðningurinn verði greiddur með rafrænum hætti á Mínú Reykjanesi!
- Framlag verði ekki skattskyld!

Framkvæmd: 1. október 2006.

Ábyrgð: FFR.

Verkefnisstjóri: KL.

Fjármögnun: Rnb.

Árangursmælingar: Líðan barns og fjölskyldu, tækifæri fjölskyldu til samveru, fjöldi notenda, atvinnuþátttaka, lýðfræðilegar upplýsingar og áhrif til lengri tíma.

LÆKKUN LEIKSKÓLAGJALDA OG FJÖLSKYLDUAFSLÁTTUR

Reykjanesbær leggur áherslu á vandað leikskólastarf. Góður aðbúnaður og gott starfsfólk kallar á að greidd séu sómasamleg laun. Við viljum stuðla að hvoru tveggja á næstu árum.

Á síðasta kjörtímabili greiddi Reykjanesbær 70% af kostnaði við hvert barn á leikskóla.

- Stefnt er að því að halda greiðsluhlutfalli bæjarsjóðs í um 75% af kostnaði.
- Þá verður fylgst með þróun greiðsluhlutfalls foreldra hjá stærri sveitarfélögum og þess gætt að Reykjanesbær sé samkeppnisfær um verð.
- Forgangshópur Reykjanesbæjar gagnvart leikskólum er fyrst og fremst barnmargar fjölskyldur.
- Foreldrar sem eiga eitt barn frá 9 mánaða aldri og annað í leikskóla njóta systkinaafsláttar í leikskólanum. Sama gildir um systkini á leikskólaaldri. Afslátturinn verður 50% af fullu gjaldi fyrir annað barn og 100% fyrir þriðja.

Framkvæmd: 1.okt. 2006 – áfram.

Ábyrgur: FRÆ.

Verkefnisstjóri: GH.

Fjármögnun: Rnb.

Árangursmælingar: Mæling á greiðsluhlutfalli, samanburður við stærri sveitarfélög.

NÝIR LEIKSKÓLAR

Mikil íbúafjölgun kallar á byggingu nýrra leikskóla og stækkun og endurbætur á þeim eldri.

- Á árinu 2007 verður tekinn í notkun leikskólinn Akursel í Innri Njarðvík. Fullbúinn er leikskólinn fyrir 140 börn.
- Þá verður byggður ný leikskóli við Vesturberg í stað núverandi húsnæðis þar. Opnaður vor 2008.
- Þess verður gætt að leikskólaláss verði í samræmi við fjölgun barna á leikskólaaldri.
- Engin 2 ára börn eða eldri verði á biðlista eftir leikskólaláss að hausti.

Framkvæmd: Vor 2008.

Ábyrgð: FRÆ.

Verkefnisstjóri: GH.

Fjármögnun: Rnb.

Árangursmælingar: biðlistar – staða verkefnis.

UPPELDI TIL ÁRANGURS

- Skipulega verði skimað fyrir þunglyndi og kvíða hjá unglingum og veitt viðeigandi meðferð og þjálfun. Leitað verður eftir samstarfi við HSS, Námsmatsstofnun og HÍ.
- Reykjanesbær stuðlar að sterkri sjálfsmynd unglunga og heilbrigði þeirra með fræðslu og stuðningi. Þetta verður áhersluatriði okkar fram til ársins 2010 og áfram!
- Leitað verður leiða til að nýta svipaðar aðferðir og SOS verkefnið til að vinna með unglingum og forráðamönnum þeirra, nýtingu heimasíðu og samskiptakerfis.
- Verkefnið verði unnið í samstarfi við FFR, HSS, Námsmatsstofnun og HÍ.

Framkvæmd:

Ábyrgur: FRÆ.

Verkefnisstjóri: GJG.

Fjármögnun: Rnb og ríki.

Árangursmælingar: Líðan unglunga, fjöldi þungra meðferðarmála. Niðurstöður ROG.

SKILVIRKIR GRUNNSKÓLAR



Reykjanesbær hefur á undanförunum árum lagt áherslu á vandað grunnskólastarf. Framtíðarsýn bæjarins leggur áherslu á að stuðla að heilbrigði og hamingju hvers einstaklings. Í hnotskurn snýr framtíðarsýn okkar í grunnskólanum að eftirfarandi þáttum:

- Að nemendur séu ánægðir í grunnskólanum
- Að við höfum á að skipa hæfu og ánægðu starfsfólki
- Að í skólanum bjóðist næringarríkar og góðar máltíðir á hagstæðu verði.
- Að skipulag skólastarfs sé vel unnið frá fyrsta skóladegi.
- Að vinnuumhverfi nemenda og starfsmanna sé öruggt.
- Að viðhald húsnæðis og búnaðar sé gott
- Að samgönguleiðir að og frá skóla séu öruggar og þægilegar

- Að virkt upplýsingastreymi sé milli starfsmanna, nemenda, foreldra og stjórnvalda
- Að vinnuandi sé jákvæður og skapandi
- Að virkni og jákvæðni foreldra komi fram í skólastarfinu
- Að virkni og jákvæðni samfélagsins sé gagnvart skólastarfinu

Ábyrgur: FRÆ

Verkefnisstjóri: EH

Fjármögnun: Rnb, ríki, félagasamtök og einkaaðilar

Árangursmælingar: líðan barna – einstaka mælingar á ofangreindum þáttum, niðurstöður ROG ofl.

MANNGILDISSJÓÐUR - STYRKARI STÖÐIR VIÐ MANNGILDISVERKEFNI

Með stofnun Manngildissjóðs Reykjanesbæjar á síðasta kjörtímabili var stigið stórt skref í stuðningi við þróun verkefna til aukins manngildis á meðal bæjarbúa. Innan sjóðsins starfa nú nokkrir undirsjóðir á sviði íþróttar, forvarna, menningar. Eftirfarandi viðbætur verði gerðar undir merkjum Manngildissjóðs:

- Forvarnasjóður sinni í auknum mæli rannsóknum og stuðningi við verkefni tengd fjölskyldu og félagsþróun.
- Stofnaður verði Fræðslusjóður sem styrki þróunarverkefni á sviði fræðslumála.
- Stofnaður verði Umhverfissjóður er styrki verkefni á sviði umbótamála í umhverfi Reykjanesbæjar.

Ábyrgur: FRÆ, FFR, USK (tilheyrandi verkefni).

Verkefnisstjóri: HZ

Fjármögnun: Manngildissjóður

Árangursmælingar: Áhrif sjóðs á verkefni, gengi verkefna sem sjóðurinn styrkir, áhrif verkefna á samfélagið.

HÆKKUN Á ÞJÁLFASTYRK UPP Í 18 ÁRA

Íþróttaiðkun er mikilvæg forvörn. Reykjanesbær hefur tekið þátt í greiðslu íþróttþjálfunar barna að 14 ára aldri og lagt áherslu á að hæfir og vel menntaðir þjálfarar sinni þjálfun þeirra.

- Markmiðið er að fjölga iðkendum og efla heilbrigði þeirra.
- Framundan er að hækka stuðning svo unglingar upp í 18 ára aldur njóti hans einnig.

- Sé áhugi íþróttafélaga fyrir breyttu styrkjaformi, s.s. tengdu hvatapeningum, verður það skoðað.

Framkvæmd: Haust 2008.

Fjármögnun: Rnb.

Ábyrgð: MÍT.

Verkefnisstjóri: RÖP.

Árangursmælingar: Fjöldi iðkenda í aldurshópum, betri heilsa. Fjárhagsáætlun verkefnis.

7 ÞÚSUND KR. NIÐURGREIÐSLA Á EINSTAKLING TIL MENNINGAR-, ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDAIÐKUNAR



Uppbyggjandi nám og menningarstarf er ekki síður mikilvæg forvörn en íþróttir. Því er nauðsynlegt að hver einstaklingur finni sér verkefni að hæfi. Til viðbótar við það sem þegar er gert verður börnum á aldrinum 6 – 18 ára boðinn 7.000 króna styrkur sem

getur nýst til viðurkenndra menningar-, íþrótt- eða tómstundaverkefna.

Einungis verður hægt að sækja þessar greiðslur rafrænt á íbúavefnum Mitt Reykjanes.is en þar geta foreldrar valið með barni sínu þau verkefni sem styrkurinn skal renna til.

Forsendur fyrir því að slíkur stuðningur sé veittur eru að gerðir verði samningar við sem flest menningar-, tómstunda- eða íþróttafélög þar sem fram koma skýr uppeldismarkmið.

Framkvæmd: Haust 2007.- síðan afgreitt á hverju hausti!

Fjármögnun: Rnb.

Ábyrgð: MÍT.

Verkefnisstjóri: SB.

Árangursmælingar: Fjöldi samstarfsaðila, fjölbreytni í tilboðum, fjöldi notenda í árgangi og fjárhagsáætlun verkefnis.

KORTLAGNING AÐFERÐA OG MAT Á ÁRANGRI

Sú víðtæka nálgun sem Reykjanesbær hefur gagnvart velferð og stuðningi við einstaklinga alla leið, kallar á gagnrýna skoðun á árangri sérhvers verkefnis og samhengi þess við aðra þjónustu sem í boði er. Þá er mikilvægt að meta hvað verður útundan í uppbyggingu þjónustunnar.

Við viljum stuðla að því að allir sem verða á vegi barnsins séu þátttakendur í uppeldi þess og verði því að tjá sig með sama jákvæða hætti við það. Þannig stuðlum við að samhengi í uppeldi barna okkar og styrkjum þau best til framtíðar.

- Til þess þarf að kortleggja hverjir verða á vegi barnsins: foreldrar, systkini, afar og ömmur, starfsmenn heilbrigðisstofnana, barnagæsla og allir sem taka að sér að gæta barnsins um skemmri eða lengri tíma s.s. starfsmenn leikskóla, tarfsmenn grunnskóla og tónlistarskóla, þjálfarar, starfsmenn íþróttamannvirkja, afgangslufólk í verslunum, starfsmenn strætisvagna, starfsmenn félagsmiðstöðva og fl.

Framkvæmd: febrúar 2007.

Ábyrgð: FFR.

Verkefnisstjóri: HÓE.

Fjármögnunarleiðir: Rnb.

Árangursmælingar: mat á skýrslu.

MÓTUN HEILDSTÆÐRAR STEFNU TIL AÐ EFLA HEILBRIGÐI OG HAMINGJU EINSTAKLINGANNA

Eins og að framan er getið, eru fjölmörg verkefni unnin á vegum Reykjanesbæjar og samstarfsaðila til að skapa velferð alla leið. Þótt máltækið "Lengi býr að fyrstu gerð" sé gulls í gildi, getur margt farið afvega á æviskeiði hvers einstaklings, sem kallar á að upplýst velferðarsamfélag komi honum til stuðnings á ýmsum tímum ævinnar. Þá skiptir máli að öryggisnetið sem við strengjum í samfélagi okkar haldi einstaklingnum ekki flæktum í því, ef hann fellur, heldur nái að taka alvarlegasta höggið og sveifli honum sem fyrst á braut sjálfstæðis og lífshamingju.

Reykjanesbær telur því mikilvægt að n.k. innra eftirlit sé viðhaft til að tryggja

- að sú **þjónusta** sem við segjumst bjóða sé raunverulega **eins og hún á að vera**,
 - að **árangur hennar sé mælanlegur** og
 - að **aðferðir okkar séu þær árangursríkustu sem bjóðast**.
- Í framhaldi af kortlagningu verkefna og mati á þeim þarf að **leggja fram tillögur um leiðir til að styrkja netið** þar sem göt eru í því en minnka jafnframt hættuna á að einstaklingurinn festist í netinu.

Öllum er ljóst að hér er ekki ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur. Verkefnið kallar á samstarf fjölmargra aðila, foreldra, félagasamtaka, sveitarfélaga, ríkis og einkafyrirtækja.

Framkvæmd: Greiningu ljúki í mars 2007. Tillögur um betri samþættingu liggi fyrir í október 2007 og í framhaldi lögð fram endurskoðuð markmiðasetning og verkefnisáætlun.

Ábyrgð: FFR.

Verkefnisstjóri: HÓE.

Fjármögnun: Rnb og sjóðir.

Árangursmælingar: mat á skýrslu.

TÍMI TIL AÐ LIFA OG NJÓTA

